

AUGLÝSING
um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030,
stækkun hafnarsvæðis, Norðurhöfn, Húsavík.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 5. mars 2015 breytingu á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn Norðurþings þann 20. janúar 2015.

Í breytingunni felst að hafnarsvæði H2 er stækkað um 1,7 ha með landfyllingu, á hluta hafnarsvæða H2 og H3 verður landnotkun blönduð hafnar-, verslunar- og þjónustusvæði og ákvæðum breytt. Legu tengivegar um hafnarsvæðið er breytt, vestari vegtenging við svæði A2 er felld niður og Bökugarður á hafnarsvæði H1 lengdur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 5. mars 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.